



GLOBAL SERVICE/ INDUSTRY

Tekjuskattsskuldbinding Samsköttun félaga

Steingrímur Sigfússon, löggiltur endurskoðandi
17. apríl 2008

AUDIT / TAX / ADVISORY / LINE OF BUSINESS

IAS – 12 Tekjuskattar

- Megin viðfangsefnið við færslu tekjuskatta er hvernig gera skal grein fyrir skattalegum áhrifum nú og í framtíðinni af:
 - endurheimt (greiðslu) í framtíðinni á bókfærðu verði eigna (skulda) sem eru færðar í efnahagsreikning fyrirtækis og
 - viðskiptum og öðrum atburðum á yfirstandandi tímabili sem eru færð í reikningskil fyrirtækis.

Skilgreiningar

- **Reikningshaldslegur hagnaður** – er hagnaður eða tap á tímabili fyrir frádrátt tekjuskatts í rekstrarreikningi.
- **Skattskyldur hagnaður (skattalegt tap)** – er hagnaður (tap) á tímabili sem ákvarðaður er í samræmi við skattalög.
- **Tekjuskattur færður í rekstur** – er sú heildarfjárhæð sem innifalin er við ákvörðun á hagnaði eða tapi vegna tímabilsins að því er varðar tekjuskatt til greiðslu og frestaðan skatt.

Skilgreiningar frh.:

- **Tekjuskattsskuldbinding** – eru þær fjárhæðir tekjuskatts sem koma til greiðslu á síðari tímabilum vegna skattskyldra tímabundinna mismuna.
- **Tekjuskattseign** – eru fjárhæðir tekjuskatts sem unnt er að endurheimta síðar vegna:
 - frádráttarbærra tímabundinna mismuna
 - yfirfærslu á ónotuðu skattalegu tapi
 - yfirfærslu á ónotuðum skattaafslætti.

Skilgreiningar frh.:

- Tímabundnir mismunir – eru mismunir á bókfærðu verði eignar eða skuldar í efnahagsreikningi og skattverði hennar.

Fjárfestingar í eignarhlutum í félögum

- Ef um er að ræða skattskylda tímabundna mismuni, í tengslum við fjárfestingu í dótturfélögum, útibúum, hlutdeildarfélögum og hlutdeild í samrekstri skal ekki færa tekjuskattsskuldbindingu sé báðum eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
 - Móðurfélagið, fjárfestirinn eða samrekstraraðilinn getur stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við
 - Líklegt er að tímabundni mismunurinn snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð

Ónotuð skattatöp og ónotaðir skattaflættir

- Tekjuskattseign skal færa vegna ónotaðs yfirfæranlegs skattalegs taps og ónotaðs skattaafsláttar að því marki sem líklegt er að fyrirtækið geti nýtt skattatöpin og ónotaða skattaafsláttinn á móti skattskyldum framtíðarhagnaði.

Aðferðir við mat á tekjuskattsinneign

- Kanna hvort fyrirtækið hafi nægilega skattskylda tímabundna mismuni sem heyra undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna, sem leiðir af sér skattskyldar fjárhæðir, sem unnt verði að nýta á móti ónotaða skattatöpinu eða ónotaða skattaafslættinum áður en hann fellur niður.
- Kanna hvort líklegt sé að fyrirtækið muni hafa skattskyldan hagnað áður en ónotaða skattatöpið eða ónotaði skattaafslátturinn fellur niður
- Kanna hvort ónotuðu skattatöpin stafi af aðgreinanlegum orsökum sem ekki er líklegt að muni endurtaka sig
- Kanna hvort fyrirtækið geti gert ráðstafanir sem mynda skattskyldan hagnað á sama tímabili og ónotuðu skattatöpin eða ónotuðu skattaafslættirnir falla niður.

Dæmi

Uppgjör í erlendri mynt

- Ríkisskattstjóri gaf út ákvarðandi bréf þann 13. október 2003 (T-Ákv. 03-010) með leiðbeiningum um framtalsskil félaga sem hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.
- Helstu atriði þessa bréfs um útreikning á tekjuskattsskuldbindingu eru eftirfarandi:
 - Peningalegar eignir og skuldir skal umreikna á lokagengi reikningsárs
 - Umreikna skal tekjur og gjöld á meðaltali miðgengis tímabilsins.
 - Frestaður söluhagnaður færast til tekna á skattlagningarári óbreytt í íslenskum krónum
 - Á sama hátt skal rekstartap eins og það er ákvarðað í íslenskum krónum við útfyllingu skattframtals fyrir hvert ár um sig færast til frádráttar á skattframtali næstu ára í samræmi við 8. tölul. 31. gr. að óbreyttri krónufjárhæð.

Dæmi

Samsköttun félaga

- Með lögum nr. 154/1998 var gerð sú breyting á lögum um tekjuskatt að heimiluð var samsköttun hlutafélaga.
- Við slíka samsköttun er hægt að nýta hagnað sem verður á rekstrarárinu hjá einu félaganna til að jafna tap sem verður hjá öðru félagi á sama rekstrarári.
- Félög í samsköttun verða að hafa sama reikningsár
- Til að samsköttun verði heimiluð þarf móðurfélag að eiga 90% eða meira í dótturfélögum sínum.

Samsköttun félaga frh.:

- Móðurfélaginu ber að óska eftir samsköttun. Umsókn um samsköttun skal beina til skattstjóra í því skattumdæmi sem móðurfélag er heimilisfast
- Í lögnum kemur fram að umsókn um samsköttun skuli skila eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að samsköttun nái til.
- Samsköttun skal standa að lágmarki í fimm ár

Nýting á rekstrartapi í samsköttun

- Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður.
- Viðkomandi tekjuár skal ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára
- Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi.
- Heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun ef skilyrði um samsköttun voru til staðar við gildistöku laga nr. 154/1998 og ef uppfyllt eru öll skilyrði 54. gr., um sameiningu félaga.

Nýting á rekstrartapi – jöfnun innan ársins

- Í lögunum kemur fram að tap sem verður á rekstri eins eða fleiri þeirra félaga sem samsköttuð eru megi draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó verður alltaf í samsköttuninni að gera viðkomandi tekjuár upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára.
- Í samsköttun skal tap í einu eða fleiri félögum deilast hlutfallslega miðað við hagnað á þau félög sem eru með hagnað viðkomandi ár

Dæmi
